

## **123. fundur í skólanefnd ME**

### **haldinn þriðjudaginn 5. maí 2015 kl. 17 í fundarherbergi skólans**

Mættir skólanefndarmenn: Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir, Esther Ösp Gunnarsdóttir og Steinunn Ásmundsdóttir sem varamaður fyrir Gauta Jóhannesson.

Áheyrnarfulltrúar mættir: Jóney Jónsdóttir, Jón Kristinn Arngrímsson og Rebekka Karlsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn: Helgi Ómar Bragason skólameistari og Árni Ólason áfangastjóri.

#### **Dagskrá:**

- 1. Staðfesting fundargerðar 122. fundar.**  
**Starfsmannamál:**
  - a) Auglýst störf og umsóknir.
  - b) Verklagsreglur um starfs- og ráðningarhlutföll.
- 2. Fjármál:**
  - a) Fjárhagsleg staða ME við lok fyrsta ársfjórðungs.
  - b) Möguleg viðbrögð við hallarekstri.
- 3. Gjaldskrá skólaársins 2015-2016.**
- 4. Sjóðir í vörslu ME**
  - a) Ársreikningar 2014
  - b) Skipulagsskrár og tilgangur.
- 5. Önnur mál:**
  - a) Kynningarmál - heimsíða, fundur með VA o.f.l.
  - b) Sorpflokkun í ME – stofnkostnaður.
  - c) Viðhald og búnaðarkaup.
  - d) Niðurstaða viðhorfakönnunar meðal kennara.
  - e) Viðbrögð við áföllum.

*Formaður setti fundinn kl 17:02 og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.*

#### **1. Staðfesting fundargerðar 122. fundar**

Fundargerð 122. fundar hafði verið samþykkt í tölvupósti og var undirrituð af þeim nefndarmönnum sem sátu fundinn.

#### **2. Starfsmannamál:**

##### **a) Auglýst störf og umsóknir**

Skólameistari kynnti yfirlit yfir umsóknir um störf við ME fyrir næsta skólaár. Þrjú réttindakennarar hafa sótt um auglýsta stöðu íþróttakennara og standa yfir viðtöl við þá. Önnur störf þarf að auglýsa aftur þar sem umsækjendur höfðu ekki tilskilinn kennsluréttindi. Umsóknarfrestur var framlengdur til 12. maí n.k. Síðan hefur verið auglýst 50% starf í sálfræði og 50% í uppeldisfræði ásamt 75% stöðu skólafélagsráðgjafa. Umsóknarfrestur um þær stöður rennur út 18. maí.

Jóney Jónsdóttir og Sigrún Harðardóttir hafa sótt um launalaust leyfi næsta skólaár. Skólanefnd gerir ekki athugasemd við það. Íris Lind Sævarsdóttir hefur verið ráðin til listgreinakenndu í námsleyfi Ólafar Bjarkar Bragadóttur og búið er að ráða Nönnu Imsland í stöðu námsráðgjafa. Kristian Guttesen og Helga Jóna Jónasdóttir hafa sagt upp störfum við ME frá og með 1. ágúst n.k. Eftir er að auglýsa starf vegna kennslu sviðslistaáfanga og leikstjórnunar.

Rætt um að halda aukafund þriðjudaginn 19. maí eftir að frestir til umsókna eru liðnir til að fara yfir ráðningarmálin. Sá fundur verður boðaður síðar.

### **b) Verklagsreglur um starfs- og ráðningarhlutföll**

Skólameistari kynnti drög að nýjum verklagsreglur um ráðningu til starfa við ME. Með þeim er skerpt á og skýrt hvaða reglur gilda um starfs- og ráðningarhlutföll. Ef starfshlutfall einstaklings hefur verið 100% 2 ár í röð þá er litið svo á að viðkomandi sé í fullu starfi við skólann. Ganga skal skriflega frá breyttu starfshlutfalli. Ef starfshlutfall viðkomandi minnkar þá skal tilkynna viðkomandi um breytt starfshlutfall með þriggja mánaða fyrirvara.

Orðalag í verklagsreglunum verður lagað en þær síðan síðan kynntar á kennarafundi og þar á eftir bornar upp til staðfestingar hjá skólanefnd.

Formaður spurði eftir stöðu mála vegna nýs kjarasamnings KÍ og ríkisins. Skólameistari sagði að hafin væri vinna við útfærslu vinnumatskerfis innan framhaldsskólanna. Vinnufundur um vinnumatið verður á Akureyri í næstu viku.

## **3. Fjármál:**

### **a) Fjárhagsleg staða ME við lok fyrsta ársfjórðungs**

Samkvæmt lokagerð ársreiknings 2014 var tap ársins kr. 19.653.764 og er það fyrst og fremst vegna þess að engin aukaframlög komu frá ríkinu vegna fjölgunar á starfsbraut. Því var gengið á uppsafnaðan höfuðstól skólans en við áramót var hann samt enn um 9 milljónir.

Skólameistari sýndi hver staða ársins er og hefur hún vænkast mjög frá síðasta fundi, er komin í 9 milljónir í plús sem er vel viðunandi. Taka þarf þó tillit til þess að 10% launahækkun kennara kemur inn 1. júní 2015.

### **b) Möguleg viðbrögð við hallarekstri.**

Þessum lið var frestað um sinn vegna bættrar stöðu frá síðasta fundi skólanefndar. Að sögn skólameistara breytti ríkið um aðferð við greiðslu á framlögum til skólans án þess að tilkynna um það og þess vegna vænkaðist hagurinn milli funda.

## **4. Gjaldskrá skólaársins 2015-2016**

Skólameistari kynnti gjaldskrá næsta skólaárs. Þar sem gjöld hafa ekki verið hækkuð síðan 2011 er lögð til lítilsháttar hækkun á nokkrum gjöldum. Gerð er tillaga um að fjarnámsgjöld verði kr. 13.500. Tölvu og efnisgjald verði kr. 2.000. Gjald til NME verði óbreytt kr. 5.500 nema stjórn NME telji þörf á hækkun en eftir er að bera það undir stjórnar. Heimavistargjald í 2-3 manna herbergi verði kr 13.500 á mánuði. Gjald fyrir einstaklingsherbergi verði kr 22.000 á mánuði. Gjald fyrir upptökupróf við útskrift verði kr. 26.000.

Tillögur skólameistara voru samþykktar af skólanefnd nema fyrirvari hafður á um hvort gjald til NME yrði hækkað ef stjórn félagsins teldi það nauðsynlegt.

## **5. Sjóðir í vörslu ME**

### **a) Ársreikningar 2014**

Kynntir voru ársreikningar þeirra tveggja sjóða sem eru í vörslu ME. Lítilsháttar ávöxtun var á þeim á síðasta ári. Skólasjóður ME stendur í um 22,7 milljónum króna og eigið fé Menningarsjóðs prófastshjónanna á Hofi nemur tæpum 5 milljónum króna.

### **b) Skipulagsskrár og tilgangur**

Almenn umræða um tilgang og hlutverk slíkra sjóða og möguleg not fyrir þá. Formaður rifjaði upp umræður innan skólanefndar árið 2013 um hvort ekki væri hægt að koma þessum sjóðum í virkni. Þeir eru sjálfstæðir og starfa eftir eigin skipulagsskrám og eru með sér stjórnir. Úthlutun er hins vegar bundin býsna ströngum reglum og ekki verið úthlutað úr þeim lengi. Skólanefnd getur hlutast til um það að þessum sjóðum verði steyp saman í einn og kleift verði að úthluta til verðugra verkefna. Slíkt þarf þó allt að fara fyrir

stjórnir sjóðanna og sýslumannsins á Sauðárkróki sem fer með málefni sjóða af þessum toga. Málið verður unnið áfram og rætt frekar á júnifundi skólanefndar.

## 6. Önnur mál:

### a) Kynningarmál - heimasíða, fundur með VA o.f.l.

Heimasíða skólans er í uppstokkun með nýrri uppfærslu í Joomla kerfinu og verður nú aðgengileg á spjaldtölvum og snjallsímum. Fengin voru tilboð í uppfærsluna og valið að halda áfram viðskiptum við Eddu Jónsdóttur sem staðsett er í Vancouver í Kanada en hún gerði gömlu síðuna.

Skólameistarar og formenn skólanefnda ME og VA ætla að hittast á næstunni og ræða sameiginlegar kynningar á vegum skólana í fjórðungnum á hausti komandi.

### b) Sorpflokkun í ME – stofnkostnaður

#### c) Viðhald og búnaðarkaup

Skólameistari kynnti niðurstöður vinnuhóps um sorpflokkun í ME. Stofnkostnaður verður töluverður, um 1 milljón kr. en rekstrarkostnaður ætti hins vegar að minnka á móti við minna magn almenns sorps. Stefnt er að því að hefja flokkun í haust.

Skólameistari fór einnig yfir helstu viðhaldsframkvæmdum ársins, s.s. rúðuskipti í eldra kennsluhúsi, göngustígagerð, fituskilju við eldhús ME. Rætt var um hve lítil samskipti eru milli Ríkiseigna og skólans. Formaður lagði til að send yrði ósk um að komið yrði á a.m.k. einum upplýsingafundi á ári. Þá er gert ráð fyrir búnaðarkaupum í stofur, mælitæki í raungreinakennslu, tæki og búnað vegna listgreinakennslu og smiðju auk endurnýjunar tölvubúnaðar. Heildarkostnaður vegna búnaðarkaupa er áætlaður 7,5 m.kr.

#### d) Niðurstaða viðhorfakönnunar meðal kennara

Frestað til fundar í júní þar sem ekki er búið að fara yfir niðurstöðurnar eða kynna þær innan skólans.

#### e) Viðbrögð við áföllum

Rætt var um viðbrögð innan ME þegar áföll verða. Í ME er til viðbragðsáætlun og því gripið til ákveðinna viðbragða við áföll af því tagi sem dunið hafa yfir í tvígang með stuttu millibili. Um þessar mundir bjóða félagsþjónustan og prestarnir upp á viðtalstíma einu sinni í viku sem eftirfylgni. Skólameistari lagði áherslu á að það væru hinar fyrirbyggjandi aðgerðir sem skiptu auðvitað mestu og slíkt væri fyrirst og fremst á herðum nemendajónustunnar innan skólans en auðvitað yrði allt samfélagið að koma að þessu. Nemendajónustan er frekar lömuð vegna manneklu um þessar mundir en von er að rætist úr með haustinu með ráðningu náms- og félagsráðgjafa. Samstarf hefur verið um aðgengi að skólahjúkrunarfræðingi frá HSA þangað til á þessum vetri og telur skólanefnd rétt að taka upp viðræður við HSA um hvort ekki sé hægt að halda slíku áfram.

#### f) Sameining framhaldsskóla

Formaður skólanefndar spurði um sameiningarmál framhaldsskóla. Skólameistari sagði engar fréttir frá ráðuneytinu um þau mál að sinni nema nýleg tilkynning um sameiningu Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskóla Íslands.

*Fleira ekki, fundi slitið kl 19:06.*

Fundargerð ritaði Árni Óla.